



Skurðaðgerð á úf og mjúka gómi (Uvulo palato pharyngoplasty)

Markmið skurðaðgerðarinnar er að draga úr hrotum og kæfisvefni með því að fjarlægja hluta mjúka gómsins og úfsins. Stundum eru hálskirtlar einnig fjarlægðir í sömu aðgerð. Aðgerðin er oftast gerð í svæfingu en ef um minniháttar inngríp er að ræða, er stundum einungis staðdeyft.

Tóbaksnotkun

Reykingar, nef- og munntóbaksnotkun hafa áhrif á bata eftir skurðaðgerð og geta seinkað því að sár grói og aukið hættu á fylgikvillum aðgerðar. Því er mikilvægt að hætta tóbaksnotkun fyrir aðgerð og vera tóbakslaus í að lágmarki tvær vikur eftir aðgerð. Þeir sem nota tóbak eru hvattir til að hætta og geta fengið aðstoð hjá: „Ráðgjöf í reykbindindi“ og eftirfylgni í 12 mánuði eftir aðgerð. Starfsmaður spítalans hefur þá samband við ráðgjafarþjónustuna en eins má hringja í gjaldfrjálsa símanúmerið 800 6030. Einnig er bent á www.reyklaus.is.

Undirbúningur fyrir aðgerð

Hætta skal töku blóðþynningarlyfja í samráði við lækni.

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefns kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir aðgerð.

Gera þarf ráð fyrir að **fá fylgd heim**, því ekki má aka bil fyrr en daginn eftir svæfingu eða deyfingu. Eins er ráðlegt að hafa einhvern hjá sér fyrstu nóttina eftir aðgerð til öryggis.

Við innlögna á deild er gott að hafa með sér afþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausa hringingu.

Aðgerðardagur

Mæta á dagdeild A5 á 5. hæð Landspítala í Fossvogi, að morgni aðgerðardags og hafa með öll lyf sem tekin er daglega.

- Mæta á deild án skartgripa, andlitsfarða og naglalakks.
- Undirrita þarf samþykki fyrir aðgerð og svæfingu.

Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Eftir aðgerðina fer sjúklingur á vöknun og síðan aftur á dagdeild A5. Útskrift er áætluð samdægurs.

Eftir aðgerð:

- verkjalyf eru gefin reglulega.
- létt máltíð fyrir heimferð.
- fótaferð er leyfð strax eftir komu á deild.
- Þvaglosun er nauðsynleg fyrir útskrift.

Fyrir útskrift þarf að vera búíð að fá:

- útskriftarfræðslu.
- rafrænan lyfseðil fyrir verkjalyfjum ef þörf er á.

Útskrift

Verkir

Búast má við verkjum á skurðsvæði fyrstu dagana. Verkurinn er viðvarandi og því er æskilegt að taka verkjalyf reglulega yfir daginn, á 6-8 klst. fresti. Smám saman er síðan dregið úr töku lyfjanna með því að minnka skammta eða taka lyfin sjaldnar.

Skurðsár

Í sárum myndast ljósar skánir, búast má við að þær losni u.þ.b. viku eftir aðgerðina. Varast skal að ræskja sig harkalega. Eftirblæðingar eru sjaldgæfar, en ef þær verða er það yfirleitt sama dag og aðgerðin er framkvæmd eða þá 5-10 dögum síðar þegar skánir losna af sárum.

Mataræði

Mikilvægt er að drekka vel eftir aðgerðina. Forðast skal „harðan“ mat til að byrja með, svo sem kornflögur, hrökkbrauð o.fl. Gott er að borða mjúkan mat t.d pasta, egg eða mjólkurmat. Gæta skal að því að matur sé í mesta lagi volgur, ekki heitur.

Munnhirða

Mikilvægt er að hreinsa munninn vel eftir máltíðir og bursta tennur til að minnka hættu á sýkingu í hálsi.

Eftirmeðferð

Venjulega er ekki þörf á endurkomu. Ef þörf krefur er hægt að leita til göngudeildar skurðlækninga B3 á Landspítala í Fossvogi.

Vinna

Hafa þarf samráð við lækni um það hvenær má byrja að vinna aftur, en það fer eftir eðli starfs og líðan.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir aðgerðina. Reikningur er sendur heim eftir útskrift. Verðskrá er birt með fyrirvara um breytingar á gjaldskrá Landspítala.

Verð	Verð með afsláttarkorti	Aldraðir	Aldraðir með afsláttarkort	Öryrkjar	Öryrkjar með afsláttarkort
27.790 kr.	9.995 kr.	11.641 kr.	9.648 kr.	9.821 kr.	3.088 kr.

Hafa skal samband við dagdeild A5 ef:

- líkamshiti er hærra en 38,5 °C.
- viðvarandi blæðing er frá sárum.
- viðvarandi verkur er á skurðsvæði sem minnkar ekki við töku verkjalyfs.
- bjúgur er í hálsi eða öndunarörðugleikar.
- stöðug ógleði eða uppköst.

Dagdeild A5 er opin virka daga frá kl. 7 til 22, sími: 543 7570.

Göngudeild skurðlækninga B3 er opin frá kl. 8 til 16, sími: 543 7390.

Utan þess tíma er hægt að leita til bráðamóttöku í Fossvogi, sími 543 2000.

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennslspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI
SKURÐLÆKNINGASVIÐ
MARS 2014
SKURÐ-815

ÁBYRGÐARMENN:

YFIRLÆKNIR HÁLS-, NEF- OG
EYRNADEILDAR OG DEILDARSTJÓRI A5

HÖNNUN:

KYNNINGARMÁL LSH/ÁJC